

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

12. janúar 2021

Fundargerð (20)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 19. janúar 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams föstudaginn 15. janúar.

Dagskrá:

1. **Fundargerð 19. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Dagvinnumenn og vaktavinnumenn.** Fyrir fundinum lá til ákvörðunar tillaga verkefnisstjórnar um skilgreiningu á vaktavinnumanni og dagvinnumanni. Tillagan var samþykkt. Sá fundarstjóri tilefni til að þakka verkefnisstjórn og öllum stýrihópnum fyrir markvissa vinnu milli funda og gott samstarf við að leiða vandmeðfarið mál til lykta.
4. **Veikindi barna - áhrif fjarvista á vaktahvata.** Samþykkt tillaga verkefnisstjórnar um að við útreikning vaktahvata flokkist fjarvistir vegna veikinda barns með sama hætti og veikindi starfsmannsins sjálfs, sbr. grein 12.2.6.
5. **Áhrif vaktahvata innan og milli vinnustaða og launagreiðenda.** Fyrir lá minnisblað verkefnisstjórnar um útreikning vaktahvata við þær aðstæður að starfsmenn eru í skiptu starfi: (1) innan sömu stofnunar (2) milli tveggja eða fleiri stofnana sama launagreiðanda og (3) tvískiptu starfi hjá mismunandi launagreiðendum. Málið rætt og komu fulltrúar í stýrihópnum með ýmsar gagnlegar ábendingar. Að tillögu verkefnisstjórnar var henni falið að lista upp álitaefni og kerfislægt flækjustig. Markmið er að málið hljóti afgreiðslu á næsta fundi stýrihópsins að viku liðinni.
6. **Ferill varðandi mat á mönnunarforsendum.** Bára kynnti undirbúning verkefnisstjórnar að leiðbeiningum til stjórnenda varðandi mat á mönnunarforsendum, og mismunandi ferlum sem

fylgja ber eftir því hvort mönnunarforsendur standast eða ekki. Framtakinu fagnað og leiðbeiningarnar taldar vera gagnlegur stuðningur við starf stjórnenda. Ábendingar komu frá einstaka fundarmönnum og mun verkefnisstjórnin hafa þær í huga þegar hún fullvinnur leiðbeiningarnar.

7. **Matshópur - verkáætlun.** Rætt um mikilvægi faglegs starfs matshópsins til að meta áhrif verkefnisins betri vinnutími í vaktavinnu, styrkja gegnsæi og efla traust á framkvæmdinni. Ákveðið að á næsta fundi verði tekin fyrir tímasett verkáætlun frá matshópi. Í verkáætluninni verði gerð grein fyrir einstökum verkefnum framundan og áætlun um framvindu þeirra á tímaási.
8. **Innleiðingarhópar - verkáætlun.** Verkefnisstjórn falið að afla verkáætlunar frá innleiðingarhópum og upplýsinga frá þeim um starfið hingað til, helstu viðfangsefni og áskoranir.
9. **Önnur mál**
 1. **Reiknivélin.** Að ósk Sonju Ýrar fór fram umræða um reiknivélina á vef betri vinnutíma í vaktavinnu. Hún var í upphafi sett upp til að gefa eintaklingum færi á að glöggva sig á áhrifum væntanlegra kerfisbreytinga í vaktavinnu með því að setja inn ýmsar breytur. Miðað við núverandi stöðu og yfirstandandi umbótasamtöl eru mismunandi viðhorf til gagnsemi þess að hafa reiknivélina á vefnum. Verkefnisstjórn falið málið til afgreiðslu í ljósi umræðunnar.
 2. **Fækkun í verkefnisstjórn.** Dagný greindi frá því að þetta væri síðasti fundur hennar sem fulltrúi í verkefnisstjórn. Henni voru þökkúð góð störf og skemmtileg samvinna og hlýjar óskir stýrihópsins fylgja henni í fæðingarorlofið.

Fundi slitið kl. 15.20. Fundargerð er aðgengileg á Teams.